



## 21. stjórnarfundur LH

Haldinn 29. ágúst 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 16:00

*Mættir aðalmenn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Stella Björg Kristinsdóttir*

*Mættir varamenn: Helga Björg Helgadóttir, Hrönn Kjartansdóttir, Rúnar Þór Guðbrandsson*

*Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason ritari, Haukur Baldvinsson, Petra Kristín Kristinsdóttir, S. Rúnar Bragason*

*Gestir: Hilda Karen Garðarsdóttir starfsmaður skrifstofu*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð fyrir og samþykkt.

### 2. LM2016 – Heiðar

Fjármálin eru að skýrast, búið að bóka reikninga í bókhaldskerfi. Heilt yfir gekk mótið vel. Samstarfið ánægjulegt með öllu fólki, jákvæður andi í kringum mótið. Mótið virðist fá jákvæða umfjöllun og virðist hafa verið sá glæsilegi viðburður sem stefnt var að og nefna má stærstu atriðin sem gengu vel upp:

- a. Umferðarmál
- b. Tjaldsvæði, klósett
- c. Matarmál
- d. Sjónvarp og streymi
- e. Skipulag svæðis
- f. Aðstaða knapa, hesthús
- g. Styrktaraðilar margir og velviljaðir
- h. Vonbrigði, viljað fá fleiri gesti, 500 í viðbót, 6500 borgandi gestir. Veðrið hjálpaði ekki, EM, o.fl.
- i. 12-14% niðurskurður kostnaðar en á móti aðeins færri gestir en við hefðum viljað.
- j. Gæslan/sjúkragæslan er dýr og sömuleiðis löggæslukostnaður
- k. Áætlunin gekk nokkuð vel upp, rafmagnið er þó hærri póstur en gert var ráð fyrir

### 3. Heimsmet/Íslandsmet á Hólum – staðfesting

Tími og mælingar vegna heimsmets á Hólum staðfest. Sportleiðtogi FEIF staðfesti heimsmetið strax á Hólum. Varðandi Íslandsmet, þá samþykkir stjórn að fá lögfræðing ÍSÍ til að fara yfir tillögu frá Landsþingi LH 2014.

### 4. Farandgripir LM

Frestað

### 5. Nefndakvöld – Jóna Dís, Helga B.

Nauðsynlegt að hitta nefndafólkið, kynna sín störf, kynnast innbyrðis. Samþykkt að hafa þetta 8. september. Skrifstofa sendir boð á nefndarfólk.

### 6. Umhverfisstefna LH

Frestað. Fá Halldór til að kynna á nefndakvöldi.



### 7. FEIF Youth Cup – Andrea, Helga B.

Þrjú gull unnust, aldrei gerst áður. Gekk vel, frábær hópur. Sterk félagslega og keppnislega. Veðrið sæmilegt, tjöldin afleit aðstaða, mikill raki, bleyta o.fl. Það var mikil óánægja með þetta. Maturinn fínn og aðstaðan að öðru leyti fín.

Styrktarmál fyrir þennan viðburð: JDB, HBH og AMP taka saman punkta um samvinnu æskulýðsnefndar og landsliðsnefndar.

### 8. Landsþing

a. Gullmerki – þarf að gera greinargerð um þessa félag (Heiðurs/gull). Andrea senda sambærilega greinargerð Léttis um þetta mál.

b. Þingstörf

Kjörnefnd: Þórður Ingólfsson, Margeir Þorgeirsson, Helga Claessen

### 9. Saga Events viðburður á Skógarhólum – Jóna Dís, Helga

Staðan er sú að klára þarf samning milli leigusala og leigutaka og senda reikning fyrir innaborgun.

### 10. NM2016 og NiF – Andrea

Formannafundur Norðurlandanna var haldinn í Biri 13. ágúst og sat Andrea Þorvaldsdóttir fundinn í fjarveru Lárusar Hannesar. Efni fundarins var: Menntamál, samræma reglur í keppni. Taka saman listia yfir sérreglur og hefðir í hverju landi. Keppni á beinni braut og aðrar ólöglegar keppnir. Euromót umræða, einhverjir vilja halda stóra Gæðingakeppni í Evrópu á HM ári. Íslensku keppendurnir fengu mikið skítkast yfir því að allir dómara voru íslenskir. Ekki gott fyrir okkur. Efla þarf menntun Gæðingadómara í Evrópu án þess að gefa afslátt af þeirri menntun sem fram fer hér á Íslandi. NiF mun ekki taka neinar ákvarðanir sjálf, heldur safna upplýsingum og stjórnir landanna taka ákvarðanir.

### 11. Staða fjármála – Ólafur

Góð staða.

### 12. Bréf frá Sigurbirni Bárðarsyni

Afgreitt með lið 3. hér að ofan.

### 13. Starfsmannamál

??

### 14. Önnur mál

a. Styrkur til HÍDÍ vegna dómaramámskeiðs – samþykkt að styrkja um 45.000 kr.

b. Aganefndarmál v/úrtöku Hornfirðings – keppnisnefnd vill fá fund með aganefnd.

c. Laganefnd LH – tillaga um stofnun slíkrar nefndar. Nefnd sem stjórn getur leitað til.

d. UNESCO staða – góð staða, verið að vinna að umsókn.

*Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið um kl. 20:00.*

*Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*